

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-141F029**

Dags: **21. júlí 2018**

Staður: **Við Sandskeið**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu**

Tveir flugmenn fóru í flug á flugvél TF-JON (KZ-VII-U4) frá Reykjavíkflugvelli og hugðust fara í æfingar á Sandskeiði. Annar flugmannanna hafði nýlega fest kaup á flugvélinni, en hann hafði aldrei flogið þessari tegund flugvélar áður. Því fékk hann hinn flugmanninn, sem þekkti vel til tegundarinnar, til þess að koma með sér í flug og kynna sér fyrir flugvélinni. Var eigandinn í hægra sætinu en flugmaðurinn sem þekkti flugvélinu í vinstra sætinu.



Flugmaðurinn sem þekkti flugvélategundina framkvæmdi fyrst þrjár snertilendingar á Sandskeiði. Þá tók eigandinn við og framkvæmdi hann næstu tvær snertilendingar og að lokum eina landingu. Eftir síðustu landinguna stoppuðu þeir á Sandskeiði og fóru út úr flugvélinni. Skiptu flugmennirnir þá um sæti og fór eigandi flugvélarinnar því í vinstra sætið.

Eigandi flugvélarinnar tók því næst á loft, en var óánægður með flugtak sitt og vildi því reyna aðra snertilendingu. Stuttu fyrir snertilendinguna fannst eigandanum flugvélin lækka

flugið hraðar¹ en hann gerði ráð fyrir. Ákvað hann því að ýta eldsneytisgjöfinni fram þegar flugvélin var í um 4 metra hæð yfir jörðu.

Vildi ekki betur en svo að í stað þess að setja eldsneytisgjöfina fram, þá setti eigandinn stýrisstöngina fram og kinkaði flugvélin þá snögglega niður. Skall flugvélin harkalega í jörðina. Brotnaði hægra aðalhjólíð undan flugvélinni og það vinstra laskaðist. Rákust skrufublöðin niður í jörðu, flugvélin snérist í tæpan hálfhring og botn hennar og hægri vængur löskuðust. Stöðvaðist flugvélin um 41 metra frá þeim stað er hún kom fyrst niður.

Eldsneytisinnngjöf flugvélarinnar er staðsett á utanverðu mælaborði, bæði vinstra og hægra megin. Stýrisstöng sem stjórnar hæðar- og hallarstýri er staðsett á milli sætanna. Hefur stýrisstöngin Y-lögun til þess að hún sé nothæf af flugmönnum í báðum sætunum.



Eigandinn var búinn að æfa sig í snertilendingum úr hægra sæti þar sem hann hafði eldsneytisinnngjöfina í hægri hendi og stýrisstöngina í vinstri hendi. Telur RNSA að eigandinn, sem þekkti ekki til flugvélarinnar, hafi ruglast á stýrisstönginni og eldsneytisinnngjöfinni fyrir síðustu snertilendinguna þar sem hann sat þá í vinstra sætinu. Því hafi flugvélin kinkað snögglega niður þegar hann setti stýrisstöngina (nú í hægri hendi) fram í stað eldsneytisinnngjafarinnar (nú í vinstri hendi).

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 4. október 2018.

¹ sunk